



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Arnarhvoli
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. ágúst 2019
Tilvísun: 201908-0006

Efni: Athugasemdir ASÍ vegna áforma um lagabreytingar vegna stuðnings stjórnvalda við gerð kjarasamninga, mál nr. S-178/2019 í Samráðsgátt stjórnvalda

Málið varðar áform framlagningu þriggja frumvarpa vegna loforða stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði vorið 20109.

1. Drög að lagafrumvarpi um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu og lögum um vísitölu neysluverðs (takmarkanir á notkun verðtryggingar í lánsamningum til neytenda)
2. Áform um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða
3. Áform um breytingar á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð

1/ Drög að lagafrumvarpi um breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu og lögum um vísitölu neysluverðs

Í tengslum við undirritun Lífskjarasamningsins í apríl síðastliðnum gáfu stjórnvöld út yfirlýsingar um stuðning við samningana. Ljóst er að samningarnir hefðu ekki náðst nema vegna þessara yfirlýsinga og ein þeirra forsenda sem samningarnir frá því í apríl og þeir sem undirritaðir voru í kjölfarið hvíla á er efndir yfirlýsinga stjórnvalda.

Vegna áherslu verkalýðshreyfingarinnar á að taka markviss skref til afnáms verðtryggingar var yfirlýsing þess efnis undirrituð sérstaklega en þunginn í þeirri yfirlýsingu var að vinda ofanaf svokölluðum Íslandslánum, eða 40 ára verðtryggðum jafngreiðslulánum til neytenda og þrengja að verðtryggðum neytendalánum í hinn endann einnig þannig að þau væru skilyrt við að minnsta kostið tíu ára lánstíma.

Það frumvarp sem kynnt er í samráðsgáttinni um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu og lögum um vísitölu neysluverðs er ætlað að vera skref í átt að því að uppfylla loforð stjórnvalda í tengslum við kjarasamninga en að mati Alþýðusambandsins eru



undanþágurnar of rúmar til að breytingin hafi tilætluð áhrif. Sambandið leggur áherslu á að gripið verði til mótvægisáðgerða til að aðstoða sérstaklega fyrstu kaupendur og tekjulágt fólk í takti við þær hugmyndir sem unnið er að í samráði við verkalýðshreyfinguna og yfirlýsingar stjórnvalda. Um 1. gr. frumvarpsins:

Fyrsta grein frumvarpsins lýtur að breytingum á 14. gr. laganna og er til þess að uppfylla skýra grein í yfirlýsingu stjórnvalda er segir orðrétt: Frá og með ársbyrjun 2020 verði vísitala neysliverðs án húsnæðis grundvöllur verðtryggingar í lögum um vexti og verðtryggingu á nýjum neytendalánnum.

Það er mat ASÍ að þessi hluti frumvarpsins uppfylli þennan þátt yfirlýsingarinnar.

Um 2. gr. frumvarpsins:

Í annarri grein frumvarpsins eru verðtryggð neytendalán og fasteignalán til neytenda skilyrt við að lágmarki 10 ár og að hámarki 25 ár. Þetta er í samræmi við yfirlýsingu stjórnvalda sem var í raun samkomulag við aðila vinnumarkaðarins. Þau atriði sem eru tilgreind sem undanþága til lengri tíma en 25 ára eru hins vegar svo rúm að í raun er ekki verið að afnema Íslandslánin nema í undantekningartilvikum. Þannig fangar undanþágan í aldri flesta þá sem eru að koma sér inn á fasteignamarkaðinn og undanþágan í tekjum fangar alla á lágmarkslaunum. Þessar undanþágur eru óásættanlegar að mati Alþýðusambandsins. Þessi atriði eru nánast samhljóða frumvarpi sem lagt var fram á 145. löggjafarþingi (817. mál) að undanskyldum hámakstekjum lánþega og að nú er lagt til að ekki sé heimilt að veita lán til skemur en tíu ára. Á þeim tíma þegar þetta frumvarp kom fyrst fram voru ekki áætlaðar neinar mótvægisáðgerðir og því hefði það í raun þýtt að hluti landsmanna hefði enga möguleika á að komast inn á fasteignamarkaðinn. Vegna áherslna verkalýðshreyfingarinnar verða úrræði fyrir fyrstu kaupendur eflað og því er ekki þörf á undanþágum vegna aldurs eða tekna. Alþýðusambandið ítrekar því að þær undanþágur sem felast í frumvarpinu eru of miklar og krefst þess að þær verði allar felldar á brott sem lúta að húsnæðis- og neytendalánnum til einstaklinga svo hægt sé að segja að stjórnvöld hafi staðið við sinn hluta Lífskjarasamningsins.

2/ Áform um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða

Kynnt eru áform um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða sem muni lögfesta 15,5% lágmarks skyldutryggingariðgjald til lífeyrissjóðs og heimild til ráðstöfunar á allt að 3,5% af skyldutryggingariðgjaldi til öflunar réttinda í tilgreindri séreign til samræmis við kjarasamninga ASÍ og SA þess efnis frá því í janúar 2016. Áformin gera jafnframt ráð fyrir því að lögfest verði heimild til rafrænnar birtingar greiðsluyfirlita iðgjalda sjóðfélaga lífeyrissjóðanna.



Umræddum áformum fylgja ekki útfærð drög að lagafrumvarpi en ASÍ leggur ríka áherslu á að frumvarp þessa efnis verði lagt fram hið fyrsta og aðilum gefist góður tími til skoðunar og athugasemda við það.

Í þessu samhengi bendi ASÍ á eftirfarandi þætti.

- Lögfest verði kjarasamningsbundið ákvæði um 15,5% skyldutryggingariðgjald til lífeyrissjóðs og heimild til ráðstöfunar á allt að 3,5% af því til öflunar réttinda í tilgreindri séreign sem ekki skerði greiðslur frá almannatryggingum.
- Atvinnurekenda verði skylt að skila öllu skyldutryggingariðgjaldi (15,5%) til þess sjóðs sem samtryggingariðgjald er greitt til svo tryggt sé að ábyrgð á innheimtu iðgjaldsins og yfirlit yfir það sé skýrt og mögulegt svo komið verði í veg fyrir að lífeyrisréttindi launafólks tapist.
- Fyrir liggja að sjóðfélagi sé upplýstur um áhrif vals á samsetningu tryggingaverndar á lífeyrisréttindi í samtryggingardeild til ævilangs lífeyris, örorku, maka- og barnalífeyris.
- Sjóðfélaga verði heimilt að flytja tilgreinda séreign frá skyldutryggingasjóði til annars vörsluaðila sem býður upp á tilgreindan séreignarsparnað. Við slíkan flutning verði þeim sjóði sem sér um innheimtuna einungis heimilt að taka gjald fyrir tilflutninginn sem samsvarar kostnaði við innheimtuna og flutninginn.
- Vörsluaðila verði gert að halda tilgreindri séreign aðskilinni frá öðrum séreignarsparnaði innan skyldutryggingar og viðbótarlífeyrissparnaði.
- Jafnræði verði gætt gagnvart almannatryggingum þannig að val sjóðfélaga á samsetningu tryggingarverndar ráði ekki réttindum í almannatryggingum.
- Allir lífeyrissjóðir á hinum almenna markaði verði jafnsettir varðandi samtryggingarbrunn sem miðast við 12%.
- Ef heimiluð verður rafræn birting greiðsluyfirlita sjóðfélaga er mikilvægt að tryggja að aðgengi sjóðfélaga að þeim yfirlitum sé gott og sömuleiðis að sjóðfélagar hafi á hverjum tíma góða yfirsýn og aðgengi að heilstæðu yfirlit yfir öll lífeyrisréttindi sín á starfsævinni.

3/ Áform um breytingar á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð

Kynnt eru áform um breytingar á lögum um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð sem muni heimila ráðstöfun tilgreinds séreignarsparnaðar (allt að 3,5% af lágmarks skyldutryggingariðgjaldi til lífeyrissjóðs) til kaupa á fyrstu íbúð. Heimildin muni einskorðast við ungt fólk og tekjulágt þannig að þeir einstaklingar sem ná ekki að nýta hámarksfjárhæð í nógildandi lögum (500.000 kr. á ári) með ráðstöfun á nógildandi heimild (6% séreignarframlagi) verði heimilt að ráðstafa tímabundið tilgreindri séreign til öflunar íbúðarhúsnæðis. Umræddum áformum fylgja ekki útfærð drög að lagafrumvarpi en af lýsingu á áformunum að dæma mun þessi



viðbótarheimild þannig einungis gagnast þeim sem ekki geta fullnýtt nógildandi heimild þ.e. hafa tekjur undir tæplega 695.000 á mánuði en nánari skilyrði fyrir nýtingu úrræðisins liggja ekki fyrir. ASÍ telur þessi mörk að óbreyttu of þröng, fjárhæðarmörk of lág og úrræðið muni ekki gagnast sem skyldi. Þá leggur ASÍ áherslu á að þessar aðgerðir einar og sér duga ekki til að tryggja húsnæðisöryggi, jafnt aðgengi að húsnæðismarkaði og viðráðanlegan húsnæðiskostnað ungs fólks og tekjulágra og samhliða þessu nauðsynlegt að flýta öðrum aðgerðum sem boðaðar eru í yfirlýsingu stjórnvalda vegna kjarasamninga til að auðvelda fyrstu kaup og aðgerðir til að styrkja leigumarkað.

Virðingarfyllst,

Drífa Snædal
Forseti ASÍ